Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
dmr@dmr.is

Reykjavík, 13. desember 2019

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu – breyting á áfengislögum.

Hinn 29. nóvember sl. birti dómsmálaráðuneytið tvö skjöl, áform um lagasetningu - frumvarp til breytinga á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, og áfengislögum, nr. 75/1998, og frummat á áhrifum. Skjölin hafa verið yfirfarin á vettvangi Samtaka atvinnulífsins, SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu (sameiginlega nefnd *samtökin*) sem veita hér með sameiginlega umsögn.

Af skjölunum verður ráðið að dómsmálaráðherra hafi í hyggju að leggja fram á Alþingi lagafrumvarp þar sem annars vegar verður kveðið á um heimild til starfrækslu innlendra vefverslana með áfengi í smásölu til neytenda og hins vegar heimild áfengisframleiðenda til að selja eigin framleiðslu í neytendaumbúðum á framleiðslustað en til neyslu annarsstaðar.

Að mati samtakanna má áætla að lagafrumvarpið muni innihalda ákvæði sem eru tímabær, einkum í ljósi breytinga sem hafa orðið á verslunar- og viðskiptaháttum.

Með heimild til smásölu áfengis í innlendum netverslunum yrði komið í veg fyrir misræmi sem leiðir af því að innlendum fyrirtækjum hefur verið talið óheimilt að selja áfengi í smásölu í vefverslunum á meðan erlendum fyrirtækjum er það heimilt. Eftir því sem netverslun færist í aukana mun misræmið að óbreyttu aukast að umfangi. Við því þarf að bregðast.

Ísland er vinsæll áfangastaður ferðamanna eins og flestum er kunnugt. Upplifun ferðamanna er ein verðmætasta fjárfesting Íslendinga um þessar mundir. Framboð á fjölbreyttum afþreyingarkostum bætir upplifun ferðamanna og eykur tekjumöguleika íslenskra fyrirtækja. Kynningar- og skoðunarferðir um framleiðslustaði áfengis, einkum hina minni, eru meðal þeirra afþreyingarkosta sem standa til boða víða erlendis. Slíkar ferðir hafa rík samlegðaráhrif í för með sér, hagsmunir ferðaskipuleggjenda og áfengisframleiðenda fara saman þegar saman koma sala á upplifun og markaðs- og kynningarstarf. Á vettvangi samtakanna hefur því verið lýst að það bann sem í raun ríkir gegn smásölu áfengis til ferðamanna í kynningar- og skoðunarferðum hamli uppbyggingu slíkrar ferðaþjónustu.

Í ljósi framangreinds lýsa samtökin ánægju með áformin.

Virðingarfyllst,

f.h.

Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar
og
SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson